

# Skógrækt
# Sjálfbær auðlindanýting

Jón Geir Pétursson

Prófessor í umhverfis- og auðlindafræði, Háskóla Íslands

Skógarauðllindin – innviðir og skipulag, ráðstefna á Akureyri, 20 mars 2024.

# Umfjöllun

- Viðfangsefni þessa erindis er að fjalla um ýmis sjónarmið sem lúta að því hvernig íslensk skógrækt geti þróað viðmið og stjórnkerfi til að stuðla að sjálfbærni í sinni skógstjórn.
- Það er brýnt viðfangsefni, ekki síst í ljósi vaxandi áherslu á uppbyggingu skógarauðlindar í landinu og markmiða í nýjum lögum um skóga og skógrækt um að nýting skóga í landinu skuli vera sjálfbær.

# Skógarauðlindir – nokkur einkenni

- Hvað er sérstakt við þær!
- Skógar eru endurnýjanleg náttúruauðlind, sem er hægt að nýta á sjálfbæran hátt takist að koma á skilvirkri stjórnun.
- Skógrækt sem auðlindageiri hefur ýmis sérkenni, ekki síst að vera langtíma viðfangsefni þar sem tekjur falla til eftir langan tíma og oft yfir stuttan tíma.
- Það hefur áhrif að stjórnun og stuðningskerfi.
- Stefnumótun og áherslur um nýtingu skóga hafa jafnframt verið að þróast með auknum skilningi á fjölbreyttri þjónustu þeirra umfram efnislegar afurðir, ekki síst í formi ýmissa almannagæða svo sem, útivistar, kolefnisbindingar og náttúruverndar. Dæmi hér úr rannsóknum á Heiðmörk.

# Skógarauðlind verður (aftur) til á Íslandi

- Ýmis sérstaða.
- Nánast alger eyðing þeirra skóga sem hér voru við landnám.
- Skógarleifar, birkiskógar, sem nú eru að dreifast út vegna minna álags og meiri friðunar.
- Gróðursettir skógar af ýmsum tegundum, umfang hefur gengið í sveiflum, er nú að aukast.
- Býsna góð töluleg gögn um umfang og eðli auðlindarinnar - bæði nú og til nánustu framtíðar fyrir þessa náttúruauðlind.
- Nýja skógarauðlindin er að hluta ólík þeirri sem við eyddum burtu.



# Sjálfbærni sem viðfangsefni

- Sjálfbærni hefur með að gera að nýting samfélagsins á skógarauðlindum geti mætt þörfum samtímans, án þess að skerða möguleika kynslóða framtíðarinnar.
- Sjálfbærni auðlindanýtingar byggist á skilningi á þremur þáttum og samspili þeirra:
    - Félagslegra þátta.
    - Umhverfislegra þátta.
    - Efnahagslegra þátta.
- Ágætlega skilgreint hugtak, en leiðir að sjálfbærni eru hins vegar margar og ekki einfaldar. Ýmis viðföng innan þessara 3 þátta og svo að vinna með samspil þeirra. Og mikilvægt að þær séu í sífelldri þróun.
- Til skilgreiningar, vísar og mælikvarðar hvað teljist sjálfbær nýting skóga.
- Það að geta sýnt fram á að skógar séu ræktaðir og nýttir á sjálfbæran hátt er orðin ein meginforsenda markaðsetningar skógarafurða amk. í Evrópu. Ekkert „gæluverkefni“ heldur miðlægt í allri atvinnutengdir skógrækt.

# Skilgreiningar á sjálfbærri skógækt

- Fyrirliggjandi alþjóðlegar skilgreiningar á sjálfbærri nýtingu skóga, sem þokkaleg samstaða er um.
- Vettvangur sem Ísland á aðild að.
- FE skilgreiningin hefur verið þýdd og gefin út á íslensku af Skógræktinni.
- Þetta eru hins vegar almennar reglur.
- Sjá hér [https://foresteurope.org/workstreams/sustainable-forest-management/](https://foresteurope.org/workstreams/sustainable-forest-management/)

# Íslensk þýðing á Forest Europe leiðbeiningunum og viðmiðunum



Sjálfbær skógrækt

Viðmið og vísar

Hreinn Óskarson 2019

https://www.skogur.is/static/files/2019/sjalfbaer-skograekt-vidmid-og-visar.pdf

# Leiðir til sjálfbærni

- Stefnumótun og stjórnkerfi til að fylgja henni eftir eru forsenda þess að hægt sé að vinna að sjálfbærri auðlindanýtingu í skógrækt.




Environment and Natural Resources Governance System Framework (Vatn, 2015)

# Hvar stendur Ísland

- Miklu skipta ný lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019
- Sett árið 2019 eftir langan aðdraganda og tóku meðal annars mið af ýmsum fyrirmyndum í nágrannalöndunum.
- Sjálfbærni skógarauðlindarinnar er viðfangsefni í lögunum, og er í þeim að finna ýmis ákvæði, markmið og svo stjórntæki sem eiga að duga töluvert í þessa átt.

# Nokkur mikilvæg atriði

- Markmið laganna. Það er því ekki val að vinna að sjálfbærni skógarauðlindarinnar!
- 1. grein
  - c. ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja.
  - d. að nýting skóga sé sjálfbær þannig að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið.

# Mikilvæg stjórntæki í lögunum til að stuðla að sjálfbærni m.a.

- Landsáætlun í skógrækt, þar er stefnumótun og m.a. forsendur fyrir landvali til nýræktunar.
- Ræktunaráætlanir og leiðbeiningar um gerð þeirra.
- 17. gr. um sjálfbærni nýtingar skóga, þar sem skal setja reglugerð þar um. Og þar koma fram markmiðsákvæði um allar stoðir sjálfbærni.
- Fellingarleyfi, og skilyrði um endurnýjun.
- Bann við varanlegri eyðingu skóga.

# Að virkja þessi stjórntæki

- Þekki ekki nógu vel stöðu þess og hvort það hefur þegar verið gert.
- Mikilvægt að hefjast handa við að koma þeim í nothæfan búning og læra á beitingu þessara stjórntækja.
- Bæði stjórnvaldið og eins skógareigendur.
- Eru þau nægjanleg eða þarf eitthvað fleira til?

# Alþjóðlegar vottanir á sjálfbærni skógrækt

FSC
www.fsc.org
FSC® C015372

The mark of responsible forestry

PEFC
PEFC/16-37-2457

Promoting Sustainable Forest Management

www.pefc.co.uk

# Þessar vottanir eru mjög útbreiddar

- Í mjög mörgum löndum. Framkvæmdar af markaðsaðilum.
- Aðlagaðar aðstæðum í viðkomandi landi.
- Almennar reglur en svo sérstaklega sniðnar að forsendum og eðli skógarauðlinda viðkomandi landa.
- PECF kerfið: In 1999, small- and family forest owners from Europe came together to create a forest certification system. 20 years on, PEFC is the largest forest certification system in the world. Two thirds of the world's certified forest area is certified against to PEFC-endorsed standards from 48 national systems.
- Skipta mjög miklu varðandi aðgang að markaði og sölu á afurðum.
- Nær til um 70% af skógum Svíþjóðar, um 90% í Danmörku.

Dæmi

- Norsk PEFC Skogstandard
- Norsk PEFC Skogstandard inneholder 30 krav som beskriver hvordan skogeier skal forvalte og drive skogen. I tillegg kan det foreligge retningslinjer og presiseringer som forklarer og utdyper enkelte krav etter behov.
- Skogstandarden er utviklet for norske forhold. Den presiserer og går ofte lengre enn det norske lovgivningen, samtidig som den møter internasjonale kriterier. De fleste kravene handler om det å ta vare på biologiske mangfoldet, mulighetene for friluftslivet lokalt, og en sunn og livskraftig skog.

# Skógrækt á Íslandi og sjálfbærni

- Allar forsendur til staðar að íslensk skógrækt geti þróað viðmið og stjórnkerfi til að stuðla að sjálfbærni í sinni skógstjórn.
- Lögin frá 2019 mikilvæg forsenda, þar eru markmið og stjórntæki.
- Tímabært byrja að kanna forsendur sjálfbærnivottunar PEFC, bæði fyrir nýræktun og eins sjálfbæra nýtingu.
- Mikilvægt fyrir markaðsetningu afurða skóga, hvort sem það eru carbon credits, biodiversity offsets/credits, timbur eða hvað annað.
- Kann að vera enn of smá auðlind en hins vegar áhugavert að byrja að máta það sem hér er gert við slík kerfi.


Takk fyrir!